

# Aðalfundur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Haldinn 23. september 2016 kl. 13:00 á Reykjavík Nordica hóteli

Mættir voru 22 fulltrúar.

## 1. Fundur settur og starfsmenn fundarins kjörnir

Róbert Ragnarsson, formaður samtakanna, setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Lagði hann til að Steinunn María Sveinsdóttir yrði fundarstjóri og Anna Lind Ragnarsdóttir fundarritari.

*Samþykkt samhljóða.*

## 2. Skýrsla stjórnar

Róbert Ragnarsson fór yfir skýrslu stjórnar sem lögð var fyrir fundinn. Skýrslan var send út með aðalfundarboði og fylgir fundargerð þessari.

Umræða varð um flutning aflaheimilda og hvernig hægt sé að styrkja byggðarlög þegar aflaheimildir eru seldar.

## 3. Ársreikningar og starfs- og fjárhagsáætlun ásamt ákvörðun um árgjöld og þóknun stjórnar

Valur Rafn Halldórsson fór yfir ársreikninga samtakanna fyrir árin 2014 og 2015. Afkoma ársins 2014 var jákvæð um tæpar 3.500.000 kr. en árið 2015 var afkoman neikvæð um 300.000 kr.

Í fjárhagsáætlun 2017-2018 leggur stjórnin til að lækka aðildargjöld um u.þ.b. 25%, þar sem sjóður hefur myndast hjá samtökunum sem ætti að duga í þau verkefni sem framundan eru.

Lagt var til að þóknun stjórnar verði óbreytt eða 20.000 kr. á stjórnarmann og 40.000 kr. á formann.

*Ársreikningar, fjárhagsáætlun ásamt ákvörðun um árgjald og þóknun stjórnar samþykkt samhljóða.*

## 4. Kosning formanns, annarra stjórnarmann og varamanna

Lagt var til að formaður stjórnar yrði Gauti Jóhannesson, sveitarstjóri Djúpavogshrepps og að aðrir stjórnarmenn yrðu:

Steinunn María Sveinsdóttir, formaður bæjarráðs, Fjallabyggð.

Róbert Ragnarsson, bæjarstjóri í Grindavík.

Anna Lind Ragnarsdóttir, oddviti, Súðavíkurbreppi.

Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri í Fjarðabyggð.

*Varastjórn:*

Bjarni Th. Bjarnason, sveitarstjóri í Dalvíkurbyggð.

Friðbjörg Matthíasdóttir forseti bæjarstjórnar Vesturbyggð.

Sigrún Árnadóttir, bæjarstjóri í Sandgerði.

*Tillögurnar voru bornar upp og samþykkt samhljóða.*

#### **5. Kosning tveggja skoðunarmanna**

Lagt var til að skoðunarmenn reikninga yrðu Jóhannes Jóhannesson, sérfræðingur á hag- og upplýsingasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga og Jón Þórisson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs Grindavíkurbæjar.

*Samþykkt samhljóða.*

#### **6. Forkaupsréttur sveitarfélaga**

Garðar Garðarsson lögfræðingur hjá Landslögum og Arnór Snæbjörnsson, lögfræðingur hjá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu mættu á fundinn og fjölluðu um forkaupsrétt sveitarfélaga á aflaheimildum.

Misjafnar skoðanir voru meðal fundarmanna á forkaupsrétti sveitarfélaga á aflaheimildum og sköpuðust miklar og góðar umræður á fundinum sem ný stjórn mun nýta sér í þeirri vinnu sem framundan er hjá samtökunum.

#### **7. Fundarslit**

Steinunn þakkaði öllum fyrir góðan fund og gaf nýkjörnum formanni Gauta Jóhannessyni orðið sem þakkaði það traust sem honum og stjórninni væri sýnt og sleit fundi kl. 15:00.

*Anna Lind Ragnarsdóttir, fundarritari*